



Skýrsla stjórnar Aðalfundur 2025

Græna orkan

Samstarfsvettvangur um orkuskipti

Orkuskiptaárið 2024

Í kjölfar þingkosninga var stefnan varðandi hvata fyrir rafbíla og græna véltækni óljós í marga mánuði. Langdregið stjórnarmyndunarferli skildi bílaiðnaðinn eftir í lausu lofti, án vísbendinga um hvort vinsælir skattaafslættir og kaupbætur myndu halda áfram.

Þessi langvarandi óvissa hafði veruleg áhrif á markaðinn þar sem neytendur frestuðu kaupákvörðunum og bílasalar hikuðu við að flytja inn nýja rafbíla. Tímabundið stefnuleysi stóð í skörpum andstæðum við áður stöðugan stuðning Íslands við kolefnislausu samgöngumáta.

Græna Orkan kölluðu ítrekað eftir skýrari stefnu og vöruðu við því að óvissan ógnaði eftirtektarverðum árangri Íslands í rafbílavæðingu. Á sama tíma lýstu loftslagssinnar áhyggjum af því að pólitísk óákveðni gæti grafið undan metnaðarfullum markmiðum landsins í losunarmálum.

Viðburðir

- Morgunverðarfundurinn

Frjáls félagasamtök veittu öflugan stuðning við morgunviðburð sem Orkan skipulagði um rafbílavæðingu atvinnulífsins. Græna Orkan veittu öflugan stuðning við morgunviðburð sem Orkan skipulagði um rafbílavæðingu atvinnulífsins. Aðilar úr atvinnulífinu deildu reynslusögum af umbreytingu bílaflota sinna og þeim áskorunum sem mætt var.

- Vestnorræna ráðið

Fulltrúi Grænu Orkunnar flutti kynningu á fundi Vestnorræna ráðsins. Erindið vakti athygli fyrir ítarlega greiningu á stöðu orkuskipta í flutningageiranum og þeim áskorunum sem tengjast aðlögun þungaflutninga að grænum orkugjöfum. Sérstök áhersla var lögð á hvernig íslenskar aðstæður bjóða upp á einstakt tækifæri til að vera í fararbroddi í orkuskiptum þungaflutninga.

Málefnavinna stjórnar

Mikilvægur þáttur í starfi stjórnar er að fylgjast með og hafa aðhald að stjórnvöldum varðandi málefni orkuskipta og er það gert í hvívetna. Í október hafa Græna Orkan vakið athygli á nýju frumvarpi um kílómetragjald sem var í umsagnarferli. Meðlimum hefur verið hvatt til að senda inn eigin umsagnir fyrir tilskilinn frest. Í þeim er bent á lykilatriði sem mikilvægt er að koma á framfæri varðandi jákvæða hvata fyrir umhverfisvæn ökutæki.

Í nóvember beindi Innviðaráðuneytið til meðlima Grænu Orkunnar möguleika á að veita umsögn um nýja Samgönguáætlun.

Stjórn Grænu Orkunnar fundaði í lok 2024 með fulltrúum innanríkisráðuneytisins og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins til að fylgja eftir uppfærðri áætlun í loftslagsmálum. Á fundinum kom stjórn Grænu Orkunnar á framfæri þeim sjónarmiðum að staða mála væri afar slæm varðandi aðgerðir, ívilnanir og fyrirsjáanleika þegar kemur að innleiðingu vistvænna samgangna.

Um grænu Orkuna

Græna orkan hefur þá sérstöðu að hafa í stjórn félagsins fjóra fulltrúa stjórnvalda sem hver er skipaður af ráðherra síns ráðuneytis, og fjóra fulltrúa atvinnulífsins sem kjörnir eru á aðalfundi. Það hefur reynst gæfuríkt að hafa ólíka aðila í stjórninni. Stjórnarmenn koma með fjölbreytta þekkingu, bakgrunn og tengslanet að borðinu.

Á aðalfundi 2024 komu nýir í stjórn þeir Egill Jóhannsson, BÍlgreinasambandinu og Guðmundur Ingi Þorsteinsson, framkvæmdastjóri sölu- og þróunarsviðs hjá Orkunni. Ágústa S. Loftsdóttir, EFLU verkfræðistofu var kjörin stjórnarformaður til eins árs á stjórnarfundi.

Frá atvinnulífi sátu því í stjórn á tímabilinu 2024-2025: Ágústa Loftsdóttir, EFLU, Egill Jóhannsson, BÍlgreinasambandinu, Guðmundur Ingi Þorsteinsson, Orkunni, og Linda Fanney Valgeirsdóttir, Alor. Gunnar Valur Sveinsson, Samtökum ferðaþjónustunnar og Sigurður Ástgeirsson hjá Ísorku voru varamenn.

Skipuð af ráðuneytum voru Sunna Björg Reynisdóttir (Innviðaráðuneyti), Erla Sigríður Gestsdóttir og Helga Barðadóttir (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti) og Kristinn Bjarnason (Fjármála- og efnahagsráðuneyti). Hrefna Hallgrímsdóttir tók við af Sunnu fyrir hönd Innviðaráðuneytis á miðju tímabili.

Daglegur rekstur hefur sem fyrr verið í höndum Íslenskrar NýOrku og hafa þau Jón Björn Skúlason og Anna Margrét Kornelíusdóttir starfað með Grænu orkunni. Marianne Ribes tók við af Önnu Margéti í september.

Um 80 fyrirtæki og stofnanir eru skráð á póstlista Grænu orkunnar og þar af eru tæplega 50 formlegir aðilar að samstarfsvettvangnum. Rekstur hans hefur verið fjármagnaður af félagsgjöldum. Fjölmarginir taka þátt í viðburðum á vegum félagsins og til stendur að virkja aðildarfélög enn frekar.

f.h. stjórnar Grænu orkunnar,

Ágústa Loftsdóttir, formaður

Samstarfsvettvangur um orkuskipti

P.O. Box 8192, 128 Reykjavík, Iceland

Email: skulason@newenergy.is

Ársreikningur Samstarfsvettvangs um orkuskipti

2024

Aðildargjöld	kr.
Aðildargjöld	2.298.682
Fjármagnstekjur	<u>14.881</u>
Heildartekjur	2.313.563



Kostnaður	
Kostnaður vegna vefhýsingar, vinnufundir og ráðstefnu	115.310
Þjónustugjöld og tilkynningar	9.510
Þjónustusamningur um rekstur	<u>1.736.000</u>
Heildarkostnaður	1.860.820

Eignir í árslok 2024	
Rekstrarhagnaður 2024	452.743
Bankainnistæða 01.01.2024	<u>710.010</u>
Bankainnistæður 31.12.24	1.162.753
Eign 31.12.24	<u>1.162.753</u>

Reykjavík 22. apríl, 2025


Jón Björn Skúlason, Verkefnisstjóri

Skoðað af kjörnum endurskoðendum Samstarfsvettvangs um orkuskipti,


Benedikt Benediktsson
Guðmundur Karl Guðjónsson